

Reykjavík, 30. júní 2026

Innviðaráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
im@im.is
(lagt fram á samráðsgátt)

Bls. | 1

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um Byggðastofnun og drög að reglugerð um Byggðastofnun

Hinn 29. apríl síðastliðinn birti innviðaráðuneytið á samráðsgátt stjórnvalda tvö mál er bæði tengjast pósthjónustu. Annars vegar er um að ræða mál S-80/2026 drög að reglugerð um Byggðastofnun, og hins vegar mál S-79/2026 drög að frumvarpi um breytingar á lögum um Byggðastofnun. Mál þessi hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu. Í grundvallaratriðum beindist skoðun SVP að ákvæðum er varða sjálfstæði stofnunarinnar í póstmálum.

Almennt

Þær breytingar sem snúa að póstmálum eiga rót sína að rekja m.a. til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þess efnis að í ljósi þess að stjórn Byggðastofnunar væri pólitískt skipuð, væru uppi efasemdir um hvort stofnunin væri nægilega sjálfstæð í ákvörðunum sem varða póstmál. Er frumvarps- og reglugerðardrögum því m.a. ætlað að tryggja lögbundinn aðskilnað pósthjónustuverkefna frá öðrum verkefnum stofnunarinnar. Samkvæmt athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins þýðir það að:

„[R]áðherra getur ekki gefið Byggðastofnun almenn eða sérstök fyrirmæli um starfrækslu pósthjónustu og fjárreiðum pósthjónustu. Þá er skýrt tekið fram að póstmálefni heyri ekki undir valdsvið stjórnar Byggðastofnunar.“

Stjórnunar- og fjárhagslegur aðskilnaður

Samtökin vilja af því tilefni vekja athygli á því að verði frumvarp þetta að lögum mun stjórnskipan stofnunarinnar verða að mestu óbreytt, fyrir utan að ákvörðun um starfsskipulag stofnunarinnar hefur verið fært frá stjórn til forstjóra. Því felst það eftir sem áður í hlutverki forstjóra skv. 6. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun að gera tillögur til stjórnar um áherslur í starfseminni. Að sama skapi yrði það eftir sem áður á borði stjórnar að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti skv. 4. gr. laga um Byggðastofnun.

Þar sem stjórn stofnunarinnar fer enn í veigamiklum þáttum með almenna stefnumótun sem kann óumflýjanlega að hafa áhrif á verkefni tengd pósthjónustu, er óvíst hvort þau verkefni hafi

í raun fyllilega verið aðskilin öðrum verkefnum stofnunarinnar. Stjórnunarlega virðist því sem ekki hafi verið framkvæmdur sá aðskilnaður sem að var stefnt.

Fjárhagslega virðist sem stjórnunarlegur aðskilnaður hafi ekki heldur verið fyllilega útfærður. Í 43. gr. póstlaga nr. 98/2019 er fjallað um gjalddöku. Kemur þar m.a. fram að póstrekendur eigi árlega að greiða Byggðastofnun rekstrargjald sem nemur 0.4% af árlegri bókfærðri veltu. Þessi gjöld, og önnur gjöld sem fjallað er um í málsgreinum 43. gr. skulu samkvæmt ákvæðinu renna í ríkissjóð, að undanskildum gjöldum skv. 7. og 8. mgr. 43. gr. póstlaga. Í þeim síðastnefndu ákvæðum er fjallað um kostnað vegna útseldrar vinnu og kostnaðarauka Byggðastofnunar sem varðar eftirlitsskyld fyrirtæki og skulu þeir fjármunir renna beint til Byggðastofnunar. Eins er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá sem kveður á um greiðslur sem renna skulu til Byggðastofnunar, vegna skráningu og útgáfu leyfa.

Bls. | 2

Þá segir að endingu í 10. mgr. 43. gr. póstlaga:

„Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til reksturs Byggðastofnunar sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af gjöldum samkvæmt þessari grein [43. gr. póstlaga].“

(viðbót, SVÞ)

Af þessu leiðir að fjármunir sem innheimtir eru skv. 43. gr. póstlaga renna hvort heldur beint, eða óbeint, til Byggðastofnunar vegna þess hlutverks sem stofnunin innir af hendi varðandi póstmál. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að líta til 2. tl. 6. gr. laga um Byggðastofnun, þar sem fram kemur að innan verksviðs forstjóra sé að gera tillögur til stjórnar um rekstrar- og starfsáætlun. Á móti kemur að 4. gr. laga um Byggðastofnun kveður á um að það sé hlutverk stjórnar að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.

Er því enn uppi umtalsverður vafi hvort fjárhags- og/eða stjórnunarlegur aðskilnaður hafi í raun verið framkvæmdur, meðan heildarstefnumótun og ráðstöfun fjármuna er á hendi stjórnar stofnunarinnar.

Horfa má til fyrirmyndar í lögum um faggildingu nr. 24/2006

Samtökin benda á að í 3. gr. laga um faggildingu er að finna fyrirmynd sem líta mætti til við það verkefni að koma á fót stjórnsýslulegri einingu sem ætlað er að njóta fjárhags- og faglegs sjálfstæðis. Um er að ræða Faggildingarsvið Hugverkastofunnar, ISAC, sem starfar sem faglega sjálfstæð eining innan Hugverkastofunnar. Er þessu fyrirkomulagi ætlað að stuðla að hagkvæmni í stjórnsýslu og koma í veg fyrir að stofnuð sé sérstök ríkisstofnun sem hefði fáa starfsmenn. Forstjóri stofnunarinnar er yfirmaður í skilningi starfsmannalaga nr. 70/1996 og hefur aðra almenna umsjón með störfum starfsmanna, sem og því að bera ábyrgð á því að rekstur sé innan marka fjárheimilda. Sviðstjóri Faggildingarsviðs ber þó ábyrgð á faglegum störfum sviðsins og hefur svigrúm til að ákveða hvernig tíma starfsfólks sviðsins er varið.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

Bls. | 3

Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur